

Matvælaráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2022  
UST202203-140/H.G.  
04.03

### **Efni: Samráðsgátt - Áherslur og verklag - Stefnumótun á sviði matvæla**

Matvælaráðuneytið kynnti, þann 28. febrúar 2022, áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla. Greinargerðin lýsir áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við ríkisstjórnina. Gert er ráð fyrir að þingsályktunartillaga að matvælastefnu verði lögð fyrir Alþingi. Matvælastefnan verður leiðarstef í matvælaframleiðslu á Íslandi, hvort heldur sem er í landbúnaði, sjávarútvegi eða fiskeldi. Stefnur í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskeldi munu þannig byggja á matvælastefnunni. Stefnurnar tengjast og móta heildstæðan grunn fyrir sjálfbæra stefnu Íslands þar sem markmið og aðgerðir eru skýrt afmarkaðar til langs tíma.

### **Athugasemdir Umhverfisstofnunar**

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að greinargerðinni:

Kafla 4 ber yfirheitið fiskeldisstefna þar sem fjallað er um stöðu fiskeldis, síðan aðgerðir í stjórnarsáttmála og að lokum um vinnu matvælaráðherra að fiskeldisstefnu á kjörtímabilinu. Þar kemur fram að áætlað er að í haustmánuði 2022 verði birt stjórnarsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og stefnumótun í fiskeldi. Á meðan vinnu að stjórnarsýsluúttekt og stefnumótun er beðið verður dregið úr útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis. Er lagt upp með að klára þær umsóknir sem liggur fyrir að afgreiða skuli á grundvelli bráðabirgðaákvæðis, en láta þar við sitja þar til stefnumótun er lokið.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir fiskeldi í samræmi við lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 en stofnunin heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslangsráðuneytið. Þær áherslur sem fjallað er um í greinargerðinni eru unnar af Matvælaráðuneytinu sem Matvælastofnun heyrir undir og sér um útgáfu rekstrarleyfa vegna fiskeldis, sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Umhverfisstofnun og Matvælastofnun eiga samt sem áður að samræma vinnslu leyfa m.a. auglýsingar og útgáfu, sbr. 4. gr. b. og 10. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Þá skal umsækjandi um leyfi afhenda Matvælastofnun umsókn um leyfi sem áframsendir umsóknina um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar, sbr. 3. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Sama á við um fiskeldisstöðvar sem eru skráningarskyldar og háðar staðfestingu hjá Matvælastofnun í stað rekstrarleyfis en þær

eru háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Matvælastofnun skal framsenda þær umsóknir um starfsleyfi ferskvatns og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum nr. 7/1998, sbr. reglugerð nr. 1133/2021 um skráningarskylda aðila í fiskeldi.

Verði greinargerðin samþykkt óbreytt mun það hafa áhrif á vinnslu Umhverfisstofnunar á starfsleyfum fyrir fiskeldi þar sem hún á að vera samræmd útgáfu rekstrarleyfa. Þá er óljóst hvað verður um starfsleyfi sem falla undir starfsleyfisskyldu Umhverfisstofnunar en eru skráningarskyld hjá Matvælastofnun skv. reglugerð nr. 1133/2021 um skráningarskylda aðila í fiskeldi. Stofnunin bendir á að lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 mælir ekki fyrir um heimild til að stöðva útgáfu starfsleyfa. Þá er útgáfa starfsleyfa bundin lögbundnum afgreiðslufrestum samkvæmt framangreindri reglugerð sem og ákvæðum stjórnisýslulaga.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun mikilvægt að setja lög sem heimila slíka stöðvun eða að breytingar verði gerðar á stefnunni áður en hún verður samþykkt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Matvælaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur